

„ ...sá maður er enginn hershöfðingi gat við jafnast“

Viðhorf Íslendinga til Napóleons mikla

Guðmundur J. Guðmundsson, sagnfræðingur og menntaskólakennari

Inngangur

Í þessari stuttu grein ætla ég að gera grein fyrir viðhorfum nokkurra Íslendinga til Napóleons Bonaparte. Í fyrri hlutanum mun ég kanna viðhorf samtímamanna hans og þeirra sem uppi voru næstu áratugina eftir að hann lét af völdum og hvarf til feðra sinna. Í seinni hlutanum verður hins vegar fjallað um það hvernig Napóleon eru gerð skil í verkum þriggja íslenskra sagnfræðinga sem um hann hafa fjallað. Fyrst í *Nýju sögunni* eftir Pál Melsteð, síðan *Mannkynssögu 1789–1848* eftir Jón Guðnason, og svo að síðustu í grein sem Sverrir Kristjánsson skrifaði um Napóleon í *Andvara* 1970, „Franska byltingin og Napóleon“ en einnig verður skotið þar inn á milli frásögn af upplifun hins nýala náttúrufræðings og heimspekings dr. Helga Pjeturss þegar hann heimsótti gröf keisarans og hann segir frá í *Ferðabók* sinni.

Samtímafólk

Eins og aðrir fylgdust Íslendingar spenntir með atburðum í Evrópu eftir að franska stjórnarbyltingin brast á og frá því að Napóleon Bonaparte fór að láta til sín taka veittu menn hér á landi frama hans og afrekum athygli. Þrátt fyrir miklar vegalengdir var alls kyns orðasveimur furðu fljótur að berast til landsins því þann 6. maí 1799 skrifar

Ragnheiður Finnsdóttir Valgerði Jónsdóttur¹ og ber henni þær fréttir að, „Þeirra fyrri stóri hershöfðingi, Bonaparte er sagt að hafi fallið í haust í Egyptalandi...“² Þetta voru fregnir sem höfðu farið sem eldur í sinu um álfuna frá því að franskir flotinn beið ósigur fyrir hinum breska við strendur Egyptalands en eins og allir vita voru þessar fregnir mjög orðum auknar.

Napóleon er og fyrirferðarmikill í þeim hlutum *Minnisverðra tíðinda* sem Magnús Stephensen ritaði en flest er það fréttakyns. Þó er greinilegt að Magnúsi þykir mikið til um sigursæld „...ens nafnfræga Buonapartes...“ eins og hann orðar það í fyrsta bindinu af *Minnisverðum tíðindum*³ og þar sem fjallað er um morðtilræðið við fyrsta konsúl um jólin 1800 segir: „Buonaparte, sem svo ovt hafði á móti dauðanum gengid, hvar og hvörninn sem hann ad bar, var við þetta tilfelli sjálfum sér líkur að hugprýði og stöðuglyndi.“⁴ Aðdáun Magnúsar á Napóleon kemur víða fram í skrifum hans en ekki var þetta þó gagnrýnislaus aðdáun því að Magnús taldi að keisarinn hafi misnotað völd sín. Magnús var þó þeirrar skoðunar, þegar upp var staðið, að stjórnarbyltingin og valdatími Napóleons hafi almennt haft góð áhrif, réttindi fólks hafi aukist og dregið úr valdi páfa og annarra preláta.⁵

Magnús segir einnig frá því í ferðadagbókum sínum að hann hafi látið klippa sig samkvæmt nýjasta móð, eins og Napóleon segir í skýringum.⁶ Hvort í því fólst einhver pólitísk yfirlýsing skal ósagt látið. Frásögn Finns Magnússonar af gerðum Napóleons í þriðja bindi *Minnisverðra tíðinda* er öll mun lágstemmdari og hófsamari í orðfæri.

Þeir Bjarni Thorarensen og Bjarni Þorsteinsson amtmaður skiptust á skoðunum um Napóleon í bréfum um það leyti sem hann lét af völdum. Bjarni Thorarensen skrifar nafna sínum þann 26. ágúst 1813 og er þar að svara einhverjum vangaveltum

¹ Ragnheiður Finnsdóttir (1749–1831) var dóttir Finns Jónssonar biskups og Guðríðar Gísladóttur. Hún var gift Magnúsi Ólafssyni lögmanni. Valgerður Jónsdóttir (1771–1856) var mágkona Ragnheiðar, hún var dóttir Jóns Jónssonar sýslumanns á Mðeiðarhvoli og var gift Hannesi Finnssyni biskupi.

² *Konur skrifa bréf. Sendibréf 1797–1907*. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar, Reykjavík 1961, bls. 20.

³ Magnús Stephensen, *Minnisverð tíðindi*, I. bindi, Leirárgörðum 1796–1798, bls. 345.

⁴ *Minnisverð tíðindi* II. bindi, bls. 237.

⁵ Ingi Sigurðsson, *Hugmyndaheimur Magnúsar Stephensens*, Reykjavík 1996, bls. 52.

⁶ Magnús Stephensen, *Ferðadagbækur 1807–1808*, útgefendur Anna Agnarsdóttir og Þórir Stephensen, Reykjavík 2010, bls. 59.

Þorsteinssonar um keisarann í öðru bréfi. Ekki fer á milli mála að þeir nafnar hafa mikið dálæti á Napóleoni. Bjarni segir: „...fullkomlega samstemma er ég meiningu þinni um verslings Napóleon. Mér sýnist hann fagur í falli sínu.“ Og síðan vitnar skáldið í kvæði Oehlenschläger um Hákon jarl Sigurðarson.⁷ Hann lýkur svo bréfinu á því að barma sér yfir hlutskipti Friðriks 6. Danakonungs og bætir við: „...þegar Napóleon ei gat haldist við fyrir föntum því skyldi hann þá geta það.“⁸

Fleiri höfðu áhuga á því sem var að gerast í Evrópu á þessum viðburðaríku tímum því Ragnheiður Þórarinsdóttir⁹ skrifar Grími Jónssyni, síðar amtmanni, 4. september 1814 og segir þar „...þá láttu fréttufróðara bréfið um kónginn krýnda í Norveg og Bonaparte vera, bróður mínum til gamans.“¹⁰

Grímur Thomsen

Um 30 árum síðar 1846 fór Grímur Thomsen í langferð um Evrópu og lagði sig í líma við að heimsækja þá staði sem tengdust Napóleoni með einhverjum hætti. Hann fór, svo dæmi sé tekið, til Aachen og baðaði sig þar í baðhúsinu sem Napóleon lét byggja til minningar um Karlamagnús og hafði sjálfur brúkað á valdatíma sínum. Hann var líka nokkra daga við Waterloo, gekk um orrustuvöllinn, og taldi það merkilegastan dag í lífi sínu. Hann lýsir staðháttum vel og rissar upp teikningu af stöðu herjanna. Seinna skrifaði hann svo grein um orrustuna í *Tímarit Hins íslenska bókmentafélags*.¹¹ Hann fór líka til Fontainebleau og kom á staðinn þar sem Napóleon kvaddi lífvörð sinn í seinasta skipti auk þess sem hann skoðaði borðið þar sem keisarinn skrifaði afsagnarbréf sitt og rúmið hans.¹²

Brynjólfur Pétursson virðist hafa sama álit á keisaranum og þeir Grímur og Bjarnarnir því Grímur sendir honum tóbaksdósir með mynd af keisaranum.

⁷ Ekki veit ég hvort þetta er þýðing eftir hann eða einhvern annan en kvæðið gat ég ekki fundið í útgáfu Jóns Helgasonar á ljóðmælum Bjarna.

⁸ Bjarni Thorarensen, *Bréf I*, bindi, Jón Helgason bjó til prentunar, Kaupmannahöfn 1943, bls. 68–69.

⁹ Ragnheiður Þórarinsdóttir (1738–1819) var dóttir Þórarins Jónssonar sýslumanns í Eyjafirði og Guðnýjar Gunnlaugsdóttur. Hún var gift Jóni syni Skúla Magnússonar landfógeta.

¹⁰ *Konur skrifa bréf*, bls. 45.

¹¹ Grímur Thomsen, „Orustan við Waterloo“, *Tímarit Hins íslenska bókmentafélags* 1887, bls. 266–284.

¹² *Ekkert er nýtt, nema veröldin. Bréfaskipti Gríms Thomsens og Brynjólfs Péturssonar*. Útgefendur Aðalgeir Kristjánsson og Hjalti Snær Ægisson, Reykjavík 2011, bls 10, 15–21 og 39.

Páll Melsteð

Í *Nýju sögunni* setur Páll Melsteð fram heildarmat á keisaranum og ferli hans. Það er athyglisvert að þótt Páll væri mesti friðsemdarmaður þá hafði hann mikið dálæti á merkum hershöfðingjum eftir því sem móðir Sverris Kristjánssonar sagði en hún sat í tímum hjá Páli í Kvinnaskólanum í Reykjavík. Það fer heldur ekki milli mála hvaða álit hann hafði á Napóleón þegar hann kynnir hann til leiks í *Nýju sögunni* „...urðu mikil tíðindi á stuttum tíma, því hér var kominn til sögunnar sá maður er enginn hershöfðingi gat við jafnast.“¹³ Og um herferð Napóleóns til Ítalíu segir Páll: „... engum gat komið til hugar nema Bonaparte einum að fara með her manns yfir hájökla suður á Ítalíu enda; voru hans vegir eigi sem annarra manna.“¹⁴ Lítið leggst nú fyrir kappann Hannibal hjá sagnfræðingnum.

En lýsingar Páls á ýmsum öðrum hershöfðingjum eru líka æði oft í hetjusagnastíl svo sem þessi „En þar var Masséna fyrir, hin hugprúða og þrautgóða hetja“¹⁵, og um Louis Desaix sagði hann að hann hafi verið „...afbragð flestra herforingja að viti og mannskostum“¹⁶ og um Ney að hann hafi verið: „...hin mikla hetja, er eigi kunni að hræðast...“¹⁷

En Páll staðnæmist ekki bara við hernað og orrustur heldur leggur einnig mikla áherslu á aðgerðir Napóleóns innanlands og um konsúlastjórnina segir: „Það leið eigi á löngu, áður mönnum varð ljóst, að yfirstjórn landsins var bæði sterk og starfsöm, vitur og réttlát,“¹⁸ og hann bætir við: „Að því er snerti innanlandsstjórn Frakklands, lét Bonaparte sér umhugsað um, að bæta alt sem bæta þurfti, ...Hann lagði allan hug á, að sannar og verulegar framfarir, er stjórnarbyltingin hafði leitt í ljós, næðu að festast hjá þjóðinni...“¹⁹

En Páll er síður en svo bláeygur aðdáandi keisarans. Hann dregur ekki dul á einræðistilburði hans og segir: „Bráðum fór að koma einveldisblær á ýmislegt hjá

¹³ Páll Melsteð, *Nýja sagan* II. bindi, Reykjavík 1863, bls. 102.

¹⁴ Páll Melsteð, *Nýja sagan* II. bindi, bls. 120.

¹⁵ Sama heimild, bls. 120. André Masséna marskalkur, 1758–1817.

¹⁶ Sama heimild, bls. 122. Louis Desaix hershöfðingi, 1768–1800.

¹⁷ Sama heimild, bls. 222. Michel Ney marskalkur, 1769–1815.

¹⁸ Sama heimild, bls. 118.

¹⁹ Sama heimild, bls. 129.

Frökkum, ...²⁰ Hann bendir líka á að Napóleon hafi náð völdum með ofbeldi og segir frá ránskap hans í þeim löndum sem hann fór um, svo sem Ítalíu. Páli þykir og lítið til þrjálsins í kringum keisaradæmið koma: „Hin forna hégómadyrð var gengin aftur,“²¹ segir hann.

Líklega sárnaði Páli, hinum frjálslynda borgaralega þjóðernissinna og skoðanabróður Jóns Sigurðssonar, mest afstaða keisarans til þjóða og þjóðernis: „Hann sýndi það löngum, að þjóðerni manna tók hann ekki sárt. Hann sleit þjóðir sundur og blandaði þeim saman, eftir því sem honum þótti sér hagkvæmast í þann svipinn.“²² Í framhaldinu bendir Páll á að meðan Napóleon hafi barist gegn þjóðhöfðingjunum hafi honum gengið allt í haginn en eftir að hann fór að berjast gegn þjóðunum sjálfum og troða á þjóðerni þeirra þá hafi lukkuhjólið snúist gegn honum²³ og bætir við að tillitsleysi hans gagnvart þjóðernisvitund manna hafi orðið honum að falli.²⁴ Hann fjallar líka um skapbresti hans, einkum er leið á valdatíma hans: „En hann var svo skapi farinn að hann vildi ekki brjóta odd af oflæti sínu þótt forsjónin gerði honum viðvart og gæfi honum skýlausar bendingar,“²⁵ og bætir við að drottunargirni hans og ófriðarlöngun hafi dregið mikla ógæfu yfir Frakkland.

Líklega má draga mat Páls á keisaranum saman í eftirfarandi setningu: „...hann var svo stórvaxinn og fyrirferðar mikill, að hann varð ekki réttilega metinn í nálægð, og ekki eftir sama mælikvarða, sem aðrir menn.“²⁶ En samt: „Hann hafði hag af því að óvinum hans var í ýmsu ábótavant.“²⁷

Helgi Pjeturss

Árið 1910 kom dr. Helgi Pjeturss til Parísar og heimsótti þá meðal annars gröf Napóleons. Hann segir svo frá: „Í kirkjunni er gröf Napóleons mikla, eða réttara sagt, hann býr þar dauður... eru þar geymdar leifar þessa furðulegasta afreksmanns einhvers, sem verið hefur...sem var svo djöfullega duglegur, að fjórar milljónir manna

²⁰ Páll Melsteð, *Nýja sagan* II. bindi, bls. 118.

²¹ Sama heimild, bls. 135.

²² Sama heimild, bls. 159.

²³ Sama heimild, bls. 166.

²⁴ Sama heimild, bls. 210.

²⁵ Sama heimild, bls. 193.

²⁶ Sama heimild, bls. 208.

²⁷ Sama heimild, bls. 209.

biðu bana af hans völdum.“²⁸ Þarna, strax í upphafi, slær Helgi þann tón sem einkennir alla umfjöllun hans um Napóleon. Hann vitnar svo í orð Napóleons þar sem hann lætur þá ósk í ljós að aska hans megi hvíla á bökkum Signu hjá frönsku þjóðinni sem hann elskaði svo mjög en síðan segir Helgi: „Undarleg ást hefur það verið vissulega – ef orðin eru ekki tóm hræsni – og minnir á ást veiðimannsins á dýrunum, sem hann getur ekki séð á landi, sjó eða í lofti, án þess að sýna þeim banatilræði.“²⁹ Síðar í kaflanum segir Helgi: „Napóleon hefur verið mjög fríður maður sýnum, en einhver grimmdarleg ró og fyrirlitning er í svip hans. Virtist mér ótvíræð líking með Napóleon og mynd af Neró í Louvre-safninu, þó að svipur Napóleons sé mikilúðlegri.“³⁰

Helgi ber einnig saman þá Caesar og Napóleon og fer sá síðarnefndi heldur illa út úr þeim samanburði. „Þar var Napóleon í samanburði við Cæsar lítið annað en ómenntaður uppskafningur. Og gæfumaður var Cæsar meiri en Napóleon.“³¹

Tveir sagnfræðingar

Þeir Jón Guðnason og Sverrir Kristjánsson stilla málum hins vegar upp með klassískum marxískum hætti enda báðir vel verseraðir í þeim fræðum. Jón telur að Napóleonsstyrjaldirnar hafi verið átök hins gamla og hins nýja, Napóleon og hans menn hafi verið fulltrúar borgarastéttarinnar en aðrir höfðingjar Evrópu fulltrúar lénskrar fortíðar og að Napóleon hafi með herferðum sínum ætlað að tryggja frönskum kapítalisma forræði í evrópsku efnahagslífi. Hann leggur líka áherslu á að aðgerðir hans innanlands hafi miðast við að tryggja forræði borgarastéttarinnar, *Code civil de France* beri auðljós merki borgarastéttarinnar, þó einkum stórborgarastéttarinnar. Hið borgaralega samfélag hafi verið í örum vexti og löggjöfin hafi styrkt kapítalíska framleiðsluhætti.³² Hann tengir meira að segja sigurgöngu franska hersins nýjum framleiðsluháttum en ekki eingöngu hersnild Napóleons og segir að hið unga og

²⁸ Helgi Pjeturss, *Ferðabók dr. Helga Pjeturss*, Vilhjálmur Þ. Gíslason sá um útgáfuna, Reykjavík 1959, bls. 257.

²⁹ Sama heimild, bls. 257–258.

³⁰ Sama heimild, bls. 258.

³¹ Sama heimild, bls. 259.

³² Jón Guðnason, *Mannkynssaga 1789–1848*, Reykjavík 1960, bls. 80–81.

gróskumikla borgaralega þjóðfélag hafi veitt: „...hernum eldhug og markmið“, franski herinn hafi endurspeglad samfélagið.³³

Jón bendir á að þótt stjórn Napóleons hafi varðveitt margt af gerðum frönsku byltingarmannanna, styrkt auðvaldssamfélagið og staðið í vegi fyrir endurkomu lénsskipulagsins þá hafi Napóleon kastað í glatkistuna ýmsum hugsjónum frönsku byltingarinnar svo sem mannréttindum og lýðræðishugmyndum.³⁴

Jón lýkur kaflanum um Napóleon með því að benda á að verk hans hafi verið tvíþent. „Á öðru leyti voru styrjaldir hans með landvinningum, blóðsúthellingum, áþjám og einræði. Á hinu leytinu festi hann borgarastéttina í sessi í Frakklandi og ruddi brautina fyrir borgarastéttir annarra landa, þar sem hann lamaði stórlega lénsskipulagið, og vafalítið var það stórkostleg framför. Hins vegar mistókst honum að skapa frönsku borgarastéttinni öndvegisstöðu í Evrópu. Herferðir Napóleons og stuðningur hans við borgarastéttina vakti upp nýtt afl, þjóðernishreyfinguna, sem markað hefur sögu Evrópu fram á þessa öld.“³⁵

Eins og heitið á grein Sverris ber með sér leggur hann megináherslu á tengsl Napóleons við frönsku byltinguna. Niðurstaða hans er sú að stjórn Napóleons hafi verið framhald á byltingarstjórninni þó svo að Napóleon hafi sjálfur lýst því yfir, þegar konsúlarnir tóku við völdum, að byltingunni væri lokið. „Hún hafði,“ segir Sverrir svo hnyttilega, „tekið ofan hina rauðu húfu sans culottanna og krýnt sig keisarakórónunni.“³⁶

Sverrir bendir líka á að afstaða Napóleons sjálfs hafi verið nokkuð tvíþent því þegar hann réttlætti réttarmorðið á d'Enghien hertoga sagði hann: „Ég er franska byltingin.“³⁷ Napóleon leggur líka áherslu á það í ævisögu sinni að markmið hans hafi verið að tryggja ávinning byltingarinnar. Rétt er að benda á að það er óráð að taka allt bókstaflega sem Napóleon segir þar.

Sverrir telur að hin mikla aðdáun manna á Napóleon sé til komin vegna þess að það borgaralega samfélag sem fór að taka á sig mynd eftir dauða hans hafi litið á hann

³³ Jón Guðnason, *Mannkynssaga 1789–1848*, Reykjavík 1960, bls. 86.

³⁴ Sama heimild, bls. 83.

³⁵ Sama heimild, bls. 105.

³⁶ Sverrir Kristjánsson, „Franska byltingin og Napóleon“, *Andvari* (95) 1970, bls. 36.

³⁷ Sama heimild, bls. 136.

sem holdtekju framahugsjónarinnar, manninn sem hófst úr fátækt til æðstu metorða.³⁸ Þegar Sverrir leggur hins vegar mat á Napóleon telur hann að merkasta framlag hans sé að leggja að velli leifar evrópsks miðaldaskipulags svo sem *Hið heilaga rómverska keisaradæmi þýskrar þjóðar*.

Ef draga á saman mat þessara þriggja sagnfræðinga í fáum orðum má segja að þeir séu sammála um að Napóleon hafi fest í sessi margar af þeim breytingum sem franska byltingin hafði gert á samfélagi manna en þeir eru líka, hver með sínum hætti, gagnrýnir á hann, Páll á grundvelli frjálslyndrar þjóðernishyggju en þeir Sverrir og Jón á grundvelli marxískrar stéttagreiningar. Allir þrír eru þó sammála um að fordæma einræðistilburði hans og afstöðu til mannréttinda þótt aðdáun þeirra á keisaranum sé augljós.

Ef til vill er viðeigandi að ljúka þessari grein á orðum dr. Helga Pjeturss en hann sagði í *Ferðabók* sinni um síðustu ár keisarans á St. Helenu: „...forlög Napóleons voru lík og Próméþeifs jötuns: að vera fjötraður á eyðiklett, þar sem jötunafl hans varð einungis til að auka honum kvalir.“³⁹

³⁸ Sverrir Kristjánsson, „Franska byltingin og Napóleon“, *Andvari* (95) 1970, bls. 136.

³⁹ Helgi Pjeturss, *Ferðabók*, bls. 259.